

88. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni haldinn í Stofu íslenskra fræða þriðjudaginn 7. maí 2019 kl. 12:50.

Fundinn sátu Gunnar Þorgeirsson, Engilbert Olgeirsson, Eydís Indriðadóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Sýlvía Ólafsdóttir, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Helga Margrét Óskarsdóttir, Ragnheiður Bjarnadóttir (vék af fundi eftir lið 3), Halldór Páll Halldórsson og Áslaug Harðardóttir. Fulltrúi kennara, Elín Una Jónsdóttir, kom kl. 13:15.

Dagskrá:

1. Umsóknir í forvali.
2. Ársreikningur skólans
3. Staðan í mötuneytinu – ákvarðanir um gjaldskrár mötuneytis, heimavista og annars
4. Hlutverk og sýn, „aðalmarkmið“ skólans.
5. Önnur mál

Gunnar bauð fólk velkomið og setti fund. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Umsóknir í forvali

Áslaug fór yfir fjölda umsókna inn í skólann fyrir næsta skólaár. Í dag eru 34 umsóknir inn á náttúruvísindabraut og 28 inn á félags- og hugvísindabraut, þar af 3 umsóknir eldri nemenda (inn á fyrsta ár). Athygli vekur hve fáir drengir sækja um skólavist í ML, sem er umhugsunarefni.

2. Ársreikningur skólans

Afritum af ársreikningi 2018 var dreift til fundarmanna. Skólameistari og fjármálastjóri fóru yfir og útskýrðu helstu tölur ársreikningsins. Skólinn var rekinn með tæplega 18,4 milljón króna halla árið 2018. Halldór Páll fór einnig yfir áætlun um tekjur og gjöld fyrir 2019-2021.

3. Staðan í mötuneytinu – ákvarðanir um gjaldskrár mötuneytis, heimavista og annars

Ragnheiður fjármálastjóri greindi frá því að það stefndi í 3% hagnað mötuneytisins um mitt árið 2019. Halldór Páll fór yfir samanburðartölur um gjaldskrár í öðrum skólum hvað varðar mötuneyti, þvottahús, heimavist o.fl. Ragnheiður og Halldór Páll og leggja til að mötuneytisgjald í ML muni hækka um 2% fyrir haustönn 2019. Sú tillaga var samþykkt. Aðrar gjaldskrár haldast óbreyttar.

4. Hlutverk og sýn, „aðalmarkmið“ skólans

Skólameistari minnti á að í ytra mati komu fram tækifæri til umbóta. Þar má nefna að endurskoða markmið skólans með hliðsjón af styttingu námsins og áherslum í lögum um framhaldsskóla. Einnig að grunnþættir menntunar séu sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.

Áslaug sýndi uppi á tjaldi hvernig fjallað er um hlutverk, sýn og markmið nokkurra framhaldsskóla á heimasíðum þeirra. Skólameistari skipti fundarmönnum upp í

Þrjá hópa, sem dreifðu sér um skólann. Hóparnir fjölluðu um mögulegt hlutverk, áherslur og framtíðarsýn ML. Þegar hóparnir komu saman aftur greindu þeir frá því sem þeir fjölluðu um. Halldór Páll þakkaði fundarmönnum fyrir þessa vinnu og safnaði blöðunum saman frá hópnum. Þessir punktar verða nýttir til áframhaldandi vinnu um þessi mál.

5. Önnur mál

Skólameistari fór yfir helstu niðurstöður í könnuninni Ungt fólk, frá Rannsóknunum og greiningu. Könnunin er lögð fyrir alla framhaldsskólanemendur á tveggja ára fresti.

Loks sagði Halldór Páll frá því að nú er verið að ganga frá starfsmannamálum fyrir næsta skólaár.

Engilbert kom því á framfæri að það hefði verið gaman að vera hér á Laugarvatni við undirritun á milli UMFÍ og Bláskógabyggðar um ungmennabúðir á Laugarvatni. Hann lýsti yfir ánægju með þetta og sagði þetta vera gott tækifæri fyrir ML. Fundarmenn tóku undir þetta.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:10

Áslaug ritaði fundargerð